

Miðvikudaginn 1. desember 1971.

Nr. 179/1971. Magdalena Guðmundsson

gegn

Sigurbirni Eiríkssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magdalena Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 2. desember 1971.

Nr. 62/1970. Central h/f

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Birni Péturssyni

(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignaumsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. marz 1970. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda í aðalsök í héraði og að stefnda verði dæmt að greiða honum í gagnsök í héraði kr. 25.311.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1960 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að hann gerir eigi kröfu um staðfestingu kyrrsetningargerðar þeirrar, er í héraðsdómi

greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 13. febrúar 1969 löggilti dómsmálaráðherra Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann til að vera skilanefndarmaður fyrir Central h/f, en þá hafði verið ákveðið að slíta félaginu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti sundurliðaði áfrýjandi kröfur sínar í gagnsök í héraði þannig, að af þeim væru kr. 13.311.00 vegna fjár, er stefndi hefði innheimt fyrir áfrýjanda, er frá hefðu verið dregnar greiðslur, er stefndi hefði innt af hendi að beiðni fyrirsvarsmanns áfrýjanda, en kr. 12.000.00 væru vegna eftirgjafar stefnda á tveggja mánaða leigu fyrir Vitabar.

Sigríður Magnúsdóttir kom ein fram af hendi áfrýjanda, er honum var falin innheimta leigugjalds eftir veitingastofuna Vitabar. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er ósannað, að stefnda hafi verið kunnugt um dvalarstað hennar, er leigutakar höfðu uppi kröfugerð vegna vanefnda áfrýjanda á leigumálanum. Viðurkennt er, að ekki hafi verið til að dreifa öðrum fyrirsvarsmönnum áfrýjanda, er stefndi hafi getað leitað til vegna þeirrar kröfugerðar. Haft var samráð við heilbrigðisýfirvöld um lagfæringar á veitingastofunni, og eru ekki líkur að því leiddar, að þær hafi verið óeðlilegar, eins og á stóð. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að undanskildu ákvæði um staðfestingu kyrrsetningargerðar, en aðiljar hafa lýst því yfir, að kyrrsetningin hafi verið felld niður með samkomulagi þeirra.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. maí 1963. Hinn 4. maí 1965 lýstu aðiljar gagnasöfnun í því lokið. Ekki sést, að síðan hafi neitt verið gert í málinu, unz Hrafn Bragason fulltrúi, er fékk það til meðferðar í október 1968, tók það fyrir í þinghaldi hinn 12. desember s. á. Var að því búnu hafin gagnaöflun á ný að ábendingu dómarans. Ber að átelja þann óhóflega drátt, sem orðið hefur á meðferð málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, er tekur til ákvæðis hans um staðfestingu kyrrsetningargerðar.

Áfrýjandi, Central h/f, greiði stefnda, Birni Péturssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. febrúar s.l., hefur Björn Pétursson, Lindarbraut 4, Seltjarnarnesi, höfðað á hendur fyrir-tækinu Central h/f, Reykjavík, með stefnu, birtri þann 24. maí 1963. Kröfur stefnanda í stefnu eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 38.917.66 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnað, þar með talinn lög-haldskostnað, að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í. Þá krafð-ist hann jafnframt staðfestingar á lögaldi, sem fram fór þann 17. maí 1963 í tveggja herbergja risibúð í austurenda hússins nr. 81 við Laugaveg. Stefndi hefur breytti við munnlegan málflutning þessum dómkröfum þannig, að hann lækkaði höfuðstól kröfunnar í kr. 38.617.66, en að öðru leyti voru kröfurnar óbreyttar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi. Stefndi hefur með stefnu, dagsettri 15. október 1963, höfðað gagnsök á hendur stefnanda til greiðslu á kr. 25.311.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 31. desember 1960 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Aðalstefndi hefur í gagnsök krafizt sýknu af öllum kröfum aðalstefnda og svo máls-kostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Sáttaumleitanir reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að stefndi rak veitingastofuna Vitabar um árabil. Hafði veitingastofan verið rekin samkvæmt veitingaleyfi, dags. 11. nóvember 1952, til handa Ásgeiri Einarssyni, Bergþóru-götu 21, Reykjavík. Höfðu hann og kona hans, Sigríður Magnús-dóttir, verið aðaleigendur hins stefnda hlutafélags. Við skilnað þeirra hjóna vorið 1960 hélt Sigríður áfram rekstri veitinga-stofunnar, en á veitingaleyfi Ásgeirs sem fyrr og í nafni hluta-félagsins.

Haustið 1960 fékk Sigríður aðalstefnanda til að leigja fyrir-tækið. Með leigusamningi, dagsettum 12. nóvember 1960, leigði

hann fyrirtækið Jóni Bjarnasyni og Þórlaugu Gunnlaugsdóttur, og ritar Sigríður undir samninginn f. h. Central h/f ásamt leigutökum. Í leigusamningnum segir m. a. á þessa leið:

- „1. Leigusali lofar að leigja og leigutakar að taka á leigu veitingastofuna Vitabar ásamt húsnæði því, sem veitingastofan er í og notað er tilheyrandi rekstri veitingastofunnar, svo og öll tæki, innréttingar og húsgögn, sem í veitingastofunni eru og tilheyra rekstri veitingastofunnar. Hið leigða húsnæði er nánar tiltekið veitingastofa, eldhús, snyrtiherb. og búr og eitt herbergi, allt á I. hæð hússins, og 2 geymslur í kjallara. Um áhöld, tæki, borð og stóla og annað, sem tilheyrir og fylgir með í leigunni, vísast til meðfylgjandi lista, sem undirritaður er af samningsaðiljum.
2. Leigan hefst hinn 15. nóvember 1960 og lýkur án uppsagnar hinn 15. nóvember 1962, og hafa leigutakar forleigurétt að hinu leigða.
3. Leigutakar greiða hita að $\frac{2}{3}$ hlutum á móti öðrum íbúendum hússins og rafmagn eftir sérmæli fyrir hið leigða húsnæði.
4. Viðhald tækja og húsbúnaðar svo og viðhald á hinu leigða húsnæði svo og málning og viðgerðir á dúkum kosta leigutakar.
5. Umsamin mánaðarleiga fyrir hið leigða er kr. 6.000,00 — sex þúsund krónur — og greiðist hún mánaðarlega fyrirfram hinn 1. hvers mánaðar.
6. Leigutakar greiða alla skatta og skyldur af rekstri veitingastofunnar fyrir leigutímabilið, þar með talin váttryggingariðgjöld, en leigutökum er skylt að hafa innbú og tæki brunatryggt fyrir minnst kr. 250.000.00 og rúður í gluggum og gler í borðum nægilega hátt brotatryggt.
7. Leigusali lofar, að veitingastofan megi starfa áfram til 1. apríl n. k. á veitingaleyfi því, sem leigusali hefur fyrir rekstrinum.
8. Við afhendingu hins leigða húsnæðis, tækja og áhalda hafa leigutakar sérstaklega kynnt sér ástand alls þessa og ekkert haft við það að athuga. Aðiljar koma sér saman um að láta sérfróðan mann kynna sér ástand áhalda með það fyrir augum, að þau verði aftur skoðuð við afhendingu að leigutímanum afloknum og þá skilað í svipuðu ástandi, nema hvað eðlilegt getur talizt“.

Í samræmi við samninginn tóku leigutakar við rekstri stofunnar þann 15. nóvember 1960, en sama dag var henni lokað af

starfsmönnum heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Sigríði Erlingsdóttur og Þórhalli Halldórssyni. Í bókun þeirra, sem dagsett er þennan dag, segir orðrét: „Farið í eftirlit vegna samþykktar heilbrigðisnefndar frá 21. okt. s.l. varðandi bréf, dagsett 7. sept. Með í förinni var lögregluþjónn frá lögreglustjóra. Þar sem endurbætur höfðu ekki farið fram, var staðnum lokað. Feðgin tvö voru á staðnum, og sögðust þau hafa tekið stofuna á leigu í dag og hefði lögfræðingur veitingamanna sagt, að engar kvaðir lægju á stofunni“.

Bréf, dagsett 22. október 1960, til Ásgeirs Einarssonar liggur einnig frammi í málinu. Þar segir: „Á fundi heilbrigðisnefndar hinn 21. þ. m. var gerð svohljóðandi samþykkt: Lagt fyrir eiganda veitingastofunnar Vitabar, Bergþórugötu 21, að framkvæma fyrirmæli í bréfi borgarlæknis, dags. 7. sept. s.l., fyrir 15. nóv. n. k., að viðlagðri lokun. Þetta tilkynnist yður hér með“.

Nefnt bréf frá 7. september 1960 liggur einnig frammi í eftirriti. Þar segir: „Herra Ásgeir Einarsson, Vitabar, Bergþórugötu 21, Reykjavík. Við eftirlit, sem fram hefur farið á vegum heilbrigðiseftirlitsins að undanfögnu í veitingastofu yðar og nú síðast í gær, kom í ljós, að nauðsynlegt er að framkvæmdar verði eftirfarandi umbætur:

1. Að umgengni og dagleg ræsting verði bætt í afgreiðslu, eldhúsi og geymslu, m. a. séð um, að úrgangur eða dót verði ekki látið safnast fyrir í geymslu, og ennfremur, að skápum í eldhúsi verði jafnan haldið vel hreinum og fjarlægðir úr þeim hlutir, sem til óþrifnaðar eru.

2. Að uppþvottaskilyrði veitingastofunnar verði bætt. Í því skyni verði komið fyrir nýrri uppþvottavél eða þríhólfa uppþvottavaski til uppþvotta á borðbúnaði. Þá verði einnig komið fyrir vaski til þvotta og hreinsunar á matvörum.

3. Að húsnæðið í heild verði standsett, eftir því sem þörf krefur, og þannig gengið frá veggjum og loftum, að þau séu slétt, sprungulaus og auðvelt að halda hreinum.

Það er því hér með lagt fyrir yður að sjá um, að umbætur, sbr. 1. lið hér að ofan, verði framkvæmdar nú þegar, en aðrar endurbætur verði framkvæmdar fyrir 1. okt. n. k.“.

Undir þetta ritar Þórhallur Halldórsson.

Þegar leigutakar urðu þess áskynja, að veitingastofunni var lokað af heilbrigðiseftirlitinu, höfðu þeir samband við aðalstefnanda. Hittist þá þannig á, að Sigríður Magnúsdóttir, fram-

kvæmdastjóri aðalstefnda, var þar stödd. Stuttu síðar kom Sigríður í veitingastofuna og opnaði hana.

Þann 17. nóvember 1960 skrifar Sigríður Magnúsdóttir yfirlýsingu, sem liggur frammi í endurriti. Þar segir: „Eg undirrituð lýsi því hér með yfir í sambandi við leigu á Veitingastofunni Vitabar, að vegna framkominnar kröfu heilbrigðiseftirlitsins læt eg setja í eldhúsið þrefaldan eldhúsvask, og verður þá uppþvottavélin, sem nú er í eldhúsi, fjarlægð“.

Jafnframt liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá Ofnasmiðjunni, Einholti 10, Reykjavík, að þann 18. nóvember 1960 hafi verið pantað hjá fyrirtækinu vaskaborð með þremur skálum fyrir Vitabar, Reykjavík.

Í bókun frá heilbrigðiseftirlitinu, dagsettri 17. nóvember 1960, segir, að við eftirgrennslan þann dag hafi komið í ljós, að stofan var opin kl. 1030, en þá ekki vitað, hvort veitingar færu fram. Þann 22. nóvember 1960 er enn bókað um veitingastofuna í bókum heilbrigðiseftirlitsins: „Veitingastofan var opin, þegar komið var á staðinn, og gefur forstöðukonan þær upplýsingar, að hún hafi verið opin síðan á laugardag, hafði fyrrverandi forstöðukona látið opna stofuna, eftir að hún hafði afhent teikningu af uppþvottavaski á skrifstofu borgarlæknis, með þeim ummælum, að það væri allt í lagi að opna. Ekki vissi lögreglan um opnunina“. Það eru sömu starfsmenn, sem framkvæma eftirlitið bæði 15. og 22. nóvember.

Þann 19. eða 20. nóvember 1960 fer framkvæmdastjóri aðalstefnda, Sigríður Magnúsdóttir, síðan til Bandaríkjanna. Áður en hún fór, hafði hún gefið aðalstefnanda máls þessa svofellda yfirlýsingu:

„Eg undirrituð ráðstafa því, sem þér innheimtið fyrir mig vegna leigusamnings fyrir Veitingastofuna Vitabar, og víxla, sem þér hafið tekið til innheimtu, þannig:

Greiða til Elliheimilisins Grundar v/Sigrúnar Þorsteinsdóttur, fæddrar 29/6 1871, allan kostnað af dvöl hennar á Elliheimilinu og hvað annað, sem kynni að þurfa að greiða hennar vegna.

Afgangurinn leggist inn á ávísanabók mína nr. 7731 í Landsbanka Íslands“.

Yfirlýsing þessi er dagsett 15. nóvember 1960.

Einnig liggur frammi yfirlýsing frá aðalstefnanda til Sigríðar M. Magnúsdóttur, dagsett sama dag. Hún hljóðar svo:

„Eg undirritaður hefi veitt móttöku frá yður og tekið að mér að innheimta greiðslu af leigusamningi fyrir Veitingastofuna Vita-

bar skv. samningi við leigutaka, dags. 12. nóv. 1960. Ennfremur hefi eg tekið að mér innheimtu á 18 víxlum, hverjum að upphæð kr. 4.000,00, samþ. af Þórlaugu Gunnlaugsdóttur og útg. af Jóni Bjarnasyni“.

Af orsökum, sem umdeilt er, hverjir voru, sóttu Ásgeir Einarsson, fyrrverandi leyfishafi, og Þórlaug Gunnlaugsdóttir saman um leyfi til að starfrækja veitingastofuna að Bergþórugötu 21 til heilbrigðisnefndar. Með bréfi 13. desember 1960 er þeim tilkynnt, að á fundi heilbrigðisnefndar þann 6. desember 1960 hafi verið lögð fram umsókn þeirra um leyfi til að starfrækja veitingastofu að Bergþórugötu 21 samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Segir í bréfinu, að nefndin samþykki að veita leyfið með skilyrðum, sem borgarlæknir setur. Skilyrðin eru síðan talin upp, og eru þau þessi:

„1. Að ekki verði aðrar neyzluvörur á boðstólum í veitingastofunni en þær, sem nefndar eru í umsókn yðar.

2. Að skilyrði til uppþvotta og hreinsunar á matvörum verði bætt á viðunandi hátt.

3. Að eldhús og geymslur verði standsettar eftir því sem þörf krefur.

4. Að starfsfólki verði séð fyrir viðunandi fatageymslu.

5. Að snyrtiherbergi starfsfólks verði standsett og herberginu séð fyrir loftræstingu.

6. Að ofangreindum endurbótum verði lokið fyrir 1. jan. n. k. á þann hátt, að viðeigandi sé að dómi heilbrigðiseftirlitsins“.

Á ljósriti af bréfinu, sem frammi liggur í málinu, kemur fram, að Þórlaug Gunnlaugsdóttir hafi móttekið bréf samhljóða þessu þann 20. desember 1960.

Frammi liggur í málinu bréf eða endurrit bréfs frá Þórlaugu Gunnlaugsdóttur og Jóni Bjarnasyni. Bréfið er dagsett 15. desember 1960 og er til aðalstefnanda. Í bréfi þessu segir orðrétt:

„Við undirrituð tókum á leigu í gegnum yður Vitabar, Bergþórugötu 21, og er eigandi Sigríður Magnúsdóttir, sem nú dvelur erlendis. Leyfum við okkur að skrifa yður sem umboðsmanni leigusala í fjarveru hennar.

Veitingastofa þessi átti að vera í fullum gangi og fullnægja ákveðnum skilyrðum, og tókum við hana á leigu vegna fullyrðingar leigusalans um það efni, enda voru þessi skilyrði alger forsenda af okkar hálfu fyrir því að taka veitingastofu þessa á leigu.

En þann 15. nóvember tókum við við veitingastofunni, en sama

daginn var henni lokað um stundarsakir að boði borgarlæknis, og kom í ljós, að kæra hafði lengi legið fyrir, jafnframt því sem hótað hefði verið lokun þennan ákveðna dag. Síðar var veitingastofunni lokað aftur, og einnig hefur verið bönnuð starfsemi, sem ætlunin var að hafa, t. d. matargerð.

Af þessum sökum höfum við orðið fyrir miklu tjóni, sem við þó ekki getum metið til fullnustu að svo stöddu, þar sem ennþá hefur ekki verið bætt úr þeim göllum, sem á veitingastofunni eru, og borgarlæknir heimtar, að lagfærðir séu.

Við teljum, að leigusali hafi blekkt okkur í þessum viðskiptum, og áskiljum við okkur fyllsta rétt í því sambandi, þ. á m. rétt til riftingar á leigumálunum og endurkröfu á greiddri leigu og rétt til skaðabóta. Jafnframt viljum við benda yður á, að vel gæti komið til þess, að umbjóðandi yðar yrði látinn svara til saka á öðrum vettvangi vegna vísvitandi blekkinga í viðskiptum.

Í sambandi við þetta tilkynnum við yður, að við teljum okkur ekki bera skyldu til þess að greiða að svo stöddu leigu þá, kr. 6.000,00, sem fellur í gjalddaga í dag, skv. samningi, en teljum okkur heimilt að halda þeirri greiðslu eftir upp í væntanlega skaðabótakröfu“.

Ekki varð af því, að veitingastofunni yrði lokað af heilbrigðiseftirlitinu. Einhverjar viðræður munu hafa átt sér stað á milli aðalstefnanda og leigutakanna og heilbrigðiseftirlitsins um mál þessi. Þessar viðræður leiddu til þess, að í desember 1960 er samkvæmt reikningi frá Gunnari Theodórssyni, dskj. nr. 27 í málinu, teiknuð breyting á eldhúsi veitingastofunnar. Síðari hluta þess mánaðar er veitingastofunni síðan lokað, og fer breyting á henni fram eftir þessari teikningu. Þórólfur Jónsson byggingameistari hafði yfirumsjón með breytingum þessum, og eru lagðir fram reikningar frá honum, sem ná yfir tímabilið frá síðari hluta desember 1960 til 1. marz 1961. Þórhallur Halldórsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, og aðalstefnandi máls þessa munu hafa verið Þórólfi til ráðuneytis um breytingarnar.

Þann 28. desember 1960 gerðu leigutakar annars vegar og aðalstefnandi máls þessa f. h. Sigríðar Magnúsdóttur hins vegar svofelldan samning:

„Við undirrituð, leigutakar að veitingastofunni Vitabar skv. samningi, dags. 12. nóv. 1960, og Björn Pétursson f. h. leigusala gerum með okkur svofellt samkomulag varðandi breytingu á leigusamningnum vegna truflunar á rekstri út af breytingum á

húsnæðinu, sem gera verður skv. kröfu borgarlæknis, sbr. bréf, dags. 7. sept. 1960. Leigan fyrir tímabilið 15. jan. 1960 til 15. apríl 1960 lækki um kr. 3.000,00 á mánuði og verði kr. 3.000,00 og 2 víxlar, kr. 4.000,00 hvor, pr. 15/12 '61 og 15/1 '62, endurgreiðist. Leigan greiðist eftirleiðis hinn 15. hvers mánaðar og verði óbreytt kr. 6.000,00 á mánuði að undanskildum ofangreindum 4 mánuðum.

Af hálfu Björns Péturssonar er samkomulag þetta gjört með þeim fyrirvara, að leigusali, sem nú dvelur í Ameríku og ekki hefur náðst til, samþykki þetta“.

Vekja verður athygli á, að í samkomulagi þessu hefur ártalið 1961 verið ritað sem 1960 þannig, að það mun eiga að vera leiga fyrir tímabilið 15. janúar 1961 til 15. apríl 1961, sem lækkar um kr. 3.000,00 á mánuði.

Á árinu 1961 framleigðu leigutakar, Jón Bjarnason og Þórlaug Gunnlaugsdóttir, veitingastofuna Guðjóni Guðmundssyni. Ekki er upplýst í málinu, að það hafi verið gert í samráði við aðalstefnanda málsins.

Þann 7. september 1961 beiddist aðalstefndi útburðar á leigutökum og framleigutakanum. Var útburðargerðin heimiluð, og voru gerðarbeiðanda dæmdar kr. 1.200,00 í málskostnað úr höndum leigutaka og framleigutaka in solidum.

Aðalstefndi fól Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni að krefjast reikningsskila út af leigu eftir Vitabar, sem hann gerði með bréfi 15. desember 1961. Þann 4. apríl 1962 krafðist aðalstefndi svo afhendingar allra skjala, er í vörzlu aðalstefnanda voru, og afturkallaði umboð hans. Þann 7. apríl 1962 ritaði aðalstefnandi skýrslu, sem frammi liggur í málinu, og lét henni fylgja skilagrein, er einnig liggur frammi ásamt viðfestum reikningi. Í skilagrein stefnanda segir orðrétt:

„Viðgerðir á veitingastofnunni tóku tvo mánuði, og var það að samkomulagi, að húsaleiga félli niður þann tíma, kr. 12.000,00. Ennfremur fengu leigutakar afhenta tvo af víxlum þeim, sem hjá mér lágu til innheimtu. Einn víxil greiddi leigutaki. Eru þá eftir fimmtán víxlar, sem lýst hefur verið í dánarbú Jóns Bjarnasonar. Var gert í samráði við Sigríði.

Hinn 31. maí 1961 leigðu leigutakar Guðjóni Guðmundssyni, Gnoðarvogi 20 (4. hæð), veitingastofuna, og tók hann að sér að greiða umsamda leigu svo og víxlana.

Tók Guðjón við veitingastofnunni hinn 1. júní 1961 og skilaði

lyklinum að stofunni hinn 20. sept., að því er frú Sigríður Magnús-dóttir segir.

Fyrir þetta tímabil fékkst engin greiðsla frá Guðjóni, og skuldar hann þá leigu fyrir þetta tímabil, 1/6 '61—20/9 '61, kr. 6.000,00 á mánuði, og víxlana, sem honum bar einnig að greiða. Skuld vegna þessa tímabils, þess sem Guðjón starfrækti veitinga-stofuna, er því kr. 36.666,67. Fyrir mánaðarleigunni, kr. 6.000,00, samþykkti Guðjón víxla, og eru þeir geymdir hjá undirrituðum“.

Svo sem áður segir, fylgdi skilagrein þessari yfirlitsreikningur, og hljóðar hann svo:

„4/4 '62 Innborganir og Greiðslur.

14/11 '60 Innborgað v/leigu	kr. 6.000,00
18/2 '61 — —	6.000,00
16/3 '61 — —	3.000,00
18/4 '61 — —	2.000,00
Marz 1961 Innh. víxill v/Sv. J.	2.000,00
— — Innb. v/húsál. víxils	4.000,00
An: Peningar til S. M.	4.200,00
— Greitt Elliheimilinu Grund v/S. M. . .	5.000,00
— Greitt v/standsetningar á veitingastofu	51.928,66
— Greiddir skattar v/S. M.	489,00
Mismunur	38.917,66

61.917,36 61.917,36

Skuld 38.917,36“.

Yfirlitsreikningi þessum fylgdi reikningsyfirlit yfir framkvæmdar viðgerðir á veitingastofunni, og er hann svohljóðandi:

„Reikningur:

Efni og vinna vegna standsetningar á Vitabar.

Teikning	kr. 1.899,00
Ofnasmiðjan	— 15.235,30
Þórólfur Jónsson	— 1.285,24
Sami	— 1.981,16
Sami	— 6.088,64
Sami	— 2.448,65
Sami	— 3.101,01
Kristján Rögnvaldsson kr. 6.853,20, ógr. kr.	
1.453,21	— 5.400,00
Þórólfur Jónsson	— 7.790,16
Loftpressa	— 240,00

Málning	kr. 6.439,50
Saumur	— 20,00

Kr. 51.928,66“.

Samkvæmt yfirlitsreikningnum er niðurstaða hans sú, að aðalstefndi skuldi aðalstefnanda kr. 38.917.66.

Í þessu er reikningsskekkja, þannig að aðalstefnandi lækkaði kröfu sína við munnlegan málflutning í kr. 38.617.66, sem er aðaldómkrafan í máli þessu og byggð á yfirlitsreikningnum, eins og hann er reikningslega réttur.

Gagnkrafa aðalstefnda er þannig upp byggð, að vitnað er í yfirlitsreikninginn á dskj. nr. 19 og lagt til grundvallar, að aðalstefnandi hafi innheimt fyrir aðalstefnda samtals kr. 23.000.00. Þar frá dragist kr. 9.689.00, sem gagnstefnandi viðurkenni. Eftir standi þá af innheimtufé kr. 13.311.00. Við þetta bætir gagnstefnandi kr. 12.000.00 vegna víxla, hvors að upphæð kr. 6.000.00, sem aðalstefnandi hafi viðurkennt að hafa afhent leigutökum vegna þess tíma, sem fór í viðgerðina. Haldið er fram, að til þessa hafi stefnanda brostið alla heimild.

Stendur því deilan í máli þessu um það, hvernig gera eigi upp á milli aðalstefnanda og aðalstefnda varðandi viðskipti þeirra vegna veitingastofunnar. Er um það deilt, hvort aðalstefnanda hafi verið rétt að láta ráðast í viðgerð á veitingastofunni og hvort honum hafi verið rétt að gefa upp leigu fyrir ákveðið tímabil og afhenda tvo víxla, kr. 6.000.00 hvorn.

Þann 18. janúar 1965 fór fram aðiljayfirheyrsla í máli þessu. Kom þá fyrir dóm aðalstefnandi málsins, Björn Óli Pétursson. Var samkomulag um eftirgjöf leigu, sem hann undirritaði fyrir hönd Sigríðar Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra gagnstefnanda, lesið fyrir honum. Samkomulagi þessu er áður lýst. Hann sagði í sambandi við samkomulag þetta, að ekki hefði náðst í leigusala til að samþykkja samkomulagið, fyrr en framkvæmdir höfðu að fullu farið fram. Hann kvað breytingarnar hafa verið gerðar í samráði við borgarlækni. Sagði hann, að teikning hefði verið gerð að breytingunum og hefði arkitekt gert hana, og taldi hann hana verið gerða í samvinnu hans, þ. e. aðalstefnanda, byggingameistarans Þórólfs Jónssonar og Þórhalls Halldórssonar eða einhvers annars starfsmanns borgarlæknis. Hann kvað afskipti sín af veitingastofunni hafa verið gerð vegna gagnstefnanda, og kvaðst hann hafa haft í huga að firra fyrirtækið væntanlegum

erfiðleikum og fjárhagstjóni. Í þessu réttarhaldi kom einnig fyrir dóminn framkvæmdastjóri gagnstefnanda, Sigríður Margrét Magnúsdóttir. Hún sagðist hafa farið af landi brott 20. nóvember 1960. Hún sagði, að heilbrigðiseftirlitið hefði krafizt þess, að smurbrauðsstofan yrði máluð, og kveðst hún hafa látið framkvæma það, áður en hún fór, og vitnar í því sambandi til dskj. nr. 24, sem er vottorð Ágústs Pedersens um, að hann hafi málað smurbrauðsstofuna 5.—9. nóvember 1960. Jafnframt kvaðst hún hafa pantað nýjan vask og vitnaði í því sambandi til dskj. nr. 23, sem er vottorð Ofnasmiðjunnar h/f þar um. Hún taldi, að heilbrigðiseftirlitið hefði aðeins krafizt þessara tveggja atriða. Henni er sýnt bréf á dskj. nr. 4, en það er bréf heilbrigðiseftirlitsins frá 7. september 1960, sem áður er vitnað til, og kvaðst hún hafa látið gera allt það, sem í bréfinu greinir, áður en hún fór af landi brott. Henni er sýnt bréf á dskj. nr. 25, þ. e. samkomulag leigutaka, Þórlaugar Gunnlaugsdóttur og Jóns Bjarnasonar, annars vegar og hins vegar aðalstefnanda, Björns Péturssonar, fyrir hönd hennar. Í því sambandi segir hún, að Þórlaug Gunnlaugsdóttir hafi sagzt mundu fá veitingaleyfi, en svo hafi ekki verið. Hún sagði, að Ásgeir Einarsson, fyrrverandi eiginmaður hennar, hafi aðstoðað leigutaka við að fá veitingaleyfið fyrir veitingastofunni og hafi hann gert það í greiðaskyni við þá, en sjálfur hafi hann ekki verið þátttakandi í rekstri hennar. Hún sagði ekki hafa staðið til að mála eldhúsið, enda taldi hún, að þess hefði ekki verið þörf. Hún lét þess getið, að í hvert skipti sem sótt væri um veitingaleyfi, þá væru alltaf gerðar einhverjar kröfur til leyfishafa. Hún tók fram, að það, sem hún hafi falið aðalstefnanda að gera, hafi verið að innheimta leigu, greiða meðlög með móður sinni til elliheimilisins, greiða Ofnasmiðjunni fyrir vaskinn í veitingastofuna og einnig að greiða fasteignaskatta. Hún sagði, að mismuninn hafi aðalstefnandi átt að leggja inn á bankabók hennar í Landsbankanum. Önnur afskipti en þessi hafi hún ekki falið aðalstefnanda. Í bréfi á dskj. nr. 7, sem mætta staðfesti fyrir dóminum, segir hún um breytinguna á veitingastofunni, að hún hafi lofað að setja vaska. Hafi leigutakar haft sérkvittun frá henni um það, enda hafi hún pantað þá í Ofnasmiðjunni og lagt teikningu inn hjá borgarlækni, sem hann hafi samþykkt. Ofnasmiðjan hafi ekki getað útvegað vaskana fyrr en eftir miðjan desember eða síðast í mánuðinum, þar sem fyrirtækið hafi ekki fengið botna í vaskana fyrr en um miðjan desember. Heilbrigðiseftirlitinu hafi verið vel kunnugt

um þetta. Húsnæðið hafi allt verið gert hreint og hún hafi látið mála smurbrauðsstofuna, en það hafi verið það eina, sem heilbrigðiseftirlitið hafi krafist af henni. Hún kveðst eiga kvittanir frá málurum og hreingerningarmönnum. Enn fremur segir hún þar, að engri lokun hafi verið hótad, eins og sjá megí af skýrslu heilbrigðiseftirlitsins. Ekki sé krafist, að eldhúsið sé rífið niður og stækkað um þriðjung. Ekki sé fyrirskipuð tveggja mánaða lokun. Hún getur þess, að veitingastofan hafi haft matarleyfi frá stofnun 1952. Breytingin á eldhúsinu hafi því verið algerlega þarflaus, enda innréttuð fyrir örvhenta og mjög erfiðara sé að vinna í því en áður var. Einnig hafi verið eyðilögð skrifstofa, sem fylgdi veitingastofunni.

Fyrir rétti þann 16. janúar 1969 hefur Sigríður Margrét Magnúsdóttir lýst því, hvað hún eigi við með því, að vaskurinn sé fyrir örvhenta. Segir hún, að uppvaskið gangi frá vinstri til hægri, eins og vöskunum sé raðað upp, en eigi að ganga öfugt, ef innréttuð sé fyrir réttihenta. Leirtauið sé sett í vaskinn lengst til vinstri, síðan í miðvaskinn, þar sem það sé gerilsneytt og að síðustu sett í vaskinn hægra megin, þar sem það sé skolað í sjóðandi vatni. Auðveldara sé að framkvæma þetta verk fyrir réttihenta, ef vaskarnir snúi öfugt. Hún sagði enn fremur, að betra hefði verið, að vaskarnir hefðu verið settir við gagnstæðan vegg, en þar séu skápar og hillur, þar sem leirtauið sé geymt.

Í bréfinu á dskj. nr. 7, sem áður er á minnzt, segir Sigríður Magnúsdóttir um þá staðhæfingu aðalstefnanda, að hann hafi ekki vitað um heimilisfang hennar, að hún hafi skrifað honum fimm bréf, en hann engu svarað. Hún kvaðst hafa sent honum víxil til innheimtu fyrst í janúar. Víxillinn hafi verið innheimtur af honum 15. febrúar.

Þórhallur Halldórsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, kom fyrir dóm þann 18. desember 1968 og aftur 16. janúar 1969. Hann sagði, að um það leyti, sem í málinu getur, hafi hann komið nokkrum sinnum á Vitabar í embættiserindum. Hann lagði fram bréf á dskj. nr. 39 og 40 og studdi framburð sinn við þau gögn og jafnframt dskj. nr. 4 og 5, en þessi gögn öll stafa frá heilbrigðiseftirlitinu og hafa áður verið rakin.

Hann sagði, að staðnum hefði verið lokað í samræmi við hótunina í bréfinu á dskj. nr. 39. Hann lagði fram dskj. nr. 41, eftirlitsskýrslur frá 17. nóvember 1960 og 22. nóvember 1960, en þær eru áður raktar, og studdi framburð sinn einnig með þeim gögnum.

Hann sagði, að í flestum tilfellum hefði veitingahúsi verið lokað aftur, þegar svo hefði staðið á, sem segir í eftirlitsskýrslunni frá 22. nóvember 1960, ef ekki væru gefnar skýringar, sem trúanlegar teldust. Hann gerði ráð fyrir því, að hann hefði ekki vitað um opnunina, þar sem hann tilkynni lögreglunni ætíð um slíkt. Hann gerði ekki ráð fyrir því, að stofunni hefði verið lokað aftur, þar sem þess sé ekki getið í skýrslunni. Hann taldi líklegt, að hann hefði bent forstöðukonunni á að sækja um veitingaleyfið. Það sé viðtekin venja, þegar eftirlitsmenn verði varir við, að nýir aðilar séu teknir við rekstri.

Fyrir honum var lesið úr bréfi því, sem er á dskj. nr. 7 og áður er vitnað til í framburði Sigríðar Magnúsdóttur og er frá henni. Kvaðst hann af því tilefni álíta, að veitingastofunni hafi eigi verið lokað vegna þess, að ekki hafi verið sótt um veitingaleyfi. Það geti þó verið, en það hljóti þá að vera eftir 15. nóvember 1960. Hann tók fram, að vaskurinn, sem um geti í málinu, hafi aðeins verið einn hluti af því, sem lagfæra átti.

Hann var að því spurður, hvort lagfæringarnar í byrjun ársins 1961 hefðu verið framkvæmdar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Taldi hann, að svo hefði verið, og kvaðst muna eftir því, að hann hafi komið a. m. k. einu sinni þarna og haft tal af einhverjum forsjármönnum og iðnaðarmönnum. Hann tók það fram, að hann geti ekki fullyrt meira en það, að breytingarnar hefðu að mestu leyti verið gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Þegar hann kom fyrir dóminn þann 16. janúar 1969, sagði hann, að óheimilt væri að taka við rekstri veitingastofu nema að fengnu veitingaleyfi. Hann sagði, að í hvert skipti sem sótt væri um leyfi, væri viðkomandi veitingastofa skoðuð af heilbrigðiseftirlitinu. Ef trassað væri að sækja um leyfi, gæti liðið nokkur tími, þar til þeir kæmst að því. Þess vegna geti skoðun dregizt, þótt nýr aðili hefði tekið við rekstri. Hann kvað veitingastofur skoðaðar óreglulega fjórum til sex sinnum á ári. Hann sagði, að heilbrigðiseftirlitið tæki stað út, þegar sótt væri um leyfi, og væri eitthvað aðfinnsluvert, væri veitingaleyfið bundið skilyrðum um lagfæringu.

Hann kvað það geta komið fyrir, enda þótt það væri í undantekningartilfellum, að þeir brydduðu upp á einhverjum nýjum atriðum sem skilyrðum veitingaleyfis, er ekki hefði verið minnzt á við fyrri leyfishafa. Hann kvaðst sjá það á dskj. nr. 5, þ. e. bréfi til Ásgeirs Einarssonar, dagsettu 13. desember 1960, að 4. liðurinn um fatageymsluna sé nýtt skilyrði, en önnur skilyrði, sem

fram koma á þessu dómsskjali, séu ekki ný, þar sem þau eru einnig rakin á dskj. nr. 4, þ. e. bréfi frá september 1960. Bréf þessi eru bæði áður rakin. Hann tók það fram, að framburður hans í heild hér fyrir dómi væri studdur þeim gögnum, sem fram hefðu verið lögð og stöfuðu frá embætti hans, en kvaðst þó muna eftir atburðum betur en ella, þar sem um það bil tveimur árum eftir að atburðir gerðust, hafi lögfræðingur annars hvors aðiljans spurzt fyrir um málið hjá heilbrigðiseftirlitinu og þá hefði það verið rifjað upp.

Hann upplýsti, að bréfið á dskj. nr. 5, dagsett 13. desember 1960, væri starfræksluleyfi, eins og þau hefðu verið veitt frá heilbrigðisnefnd.

Hinn 18. desember 1968 kom fyrir dóm Þórólfur Jónsson byggingameistari. Kvaðst hann hafa haft á hendi breytingar á húsnæði Vitabars að Bergþórugötu 21 í Reykjavík árið 1961. Hann sagði Þórhall Halldórsson frá heilbrigðiseftirliti borgarinnar hafa mestu ráðið um það, hverjar breytingar voru gerðar og hvernig framkvæmdar. Hann sagði, að jafnframt hefði verið haft lítillaga samráð við Björn Pétursson, aðalstefnanda í máli þessu. Honum voru sýndir reikningar þeir, sem frammi liggja í málinu, og kvað hann suma vera vegna vinnu og efnis, sem hann hefði látið framkvæma og kaupa. Reikninginn á dskj. nr. 37 sagði hann stafa frá pípulagningameistara og kvaðst ekkert geta sagt um þann reikning, nema að verkefnunum hafi verið unnið. Dskj. nr. 27 og 37 séu vegna vinnu, sem hann viti, að unnin hafi verið, en geti ekkert frekar sagt um. Hann tók það fram, að hann hefði aldrei heyrt getið um eldhúsinnréttingar fyrir örvhenta.

Í þessu sama réttarhaldi kom fyrir dóminn Ásgeir Marínó Einarsson. Hann kvaðst hafa átt í Central h/f fyrir þann tíma, er í málinu greinir. Hann kvaðst hafa selt hlutabréf sín Sigríði Magnúsdóttur við skilnað þeirra hjóna. Upplýst er í réttinum, að það hafi verið 28. maí 1960. Hann kvað Vitabar hafa verið rekinn á veitingaleyfi á hans nafni frá upphafi og þar til Sigríður Magnútdóttir fór til Bandaríkjanna. Hann sagði, að daginn eftir hefði Þórlaug Gunnlaugsdóttir komið til sín og spurt hann, hvort hún mætti ekki reka veitingastofuna áfram í hans nafni, þar sem það ætti að loka henni hjá sér, vegna þess að hún hefði ekki sjálf veitingaleyfi. Fyrir honum voru lesin dskj. nr. 4, 39 og 5, sem eru bréf heilbrigðiseftirlitsins til hans, og hann að því spurður, hvort hann hefði fengið slík bréf. Kvaðst hann ekki muna til þess. Hann kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði sótt um veitinga-

leyfi ásamt Þórlaugu Gunnlaugsdóttur, en hann kvaðst hafa samþykkt gagnvart heilbrigðisnefnd, að hún ræki veitingastofuna á hans nafni. Hann kvaðst ekkert hafa vitað um, að breytinga væri þörf á Vitabar, og ekkert um þær hafa vitað, fyrr en þær voru um garð gengnar. Hann kvaðst ekki hafa komið nálægt rekstri Vitabars, frá því að hann skildi við Sigríði. Hann kvaðst ekki vita, hver hefði veitingaleyfi fyrir Vitabar um það leyti, er hann kom fyrir rétt.

Þann 11. desember 1969 kom fyrir dóminn Þórlaug Gunnlaugsdóttir, annar leigutaka. Hún sagði, að veitingastofunni hefði verið lokað 15. nóvember 1960 að boði borgarlæknis. Embættið hafi borið fyrir sig skort á hreinlæti, áhaldaleysi og skort á hreinlætistækjum. Hún kvað Sigríði Magnúsdóttur hafa sjálfa opnað veitingastofuna að nýju þennan sama dag og sagt, að það væri í lagi með leyfi borgarlæknis. Jafnframt hafi Sigríður sagt, að hún væri búin að gera samning við borgarlækni um viðgerð á því, sem ábótavant væri. Hún sagði, að það hefði verið klukkan þrjú, eða um það bil, þann 15. nóvember 1960 sem veitingastofunni var lokað. Hún kvaðst þá hafa hringt í Björn Pétursson. Sigríður hafi þá verið stödd þar og eftir klukkutíma hafi hún komið og sagzt vera búin að tala við borgarlækni og semja við hann. Henni var sýnt starfræksluleyfi á dskj. nr. 5, og kvaðst hún hafa mótttekið slíkt bréf. Þau hafi þá verið búin að sækja um leyfi til að hafa opið til jóla með tilvísun til samkomulags Sigríðar og fulltrúa borgarlæknis. Þau hafi fengið frest til áramóta til að ljúka framkvæmdum, en síðar samkvæmt munnlegu samkomulagi við Þórhall Halldórsson fengið að hafa opið til þriðja í jólum, en þá hafi verið lokað til viðgerða. Hún sagði, að áður en þau tóku við veitingastofunni, hafi ekki verið neitt „flickað“ upp á hana, en það hafi átt að heita, að hún hefði verið gerð hrein. Hún tók fram, að það hefði ekki verið veitingastofan sjálf, sem fundið var að, heldur geymslur og eldhús. Þar hafi heldur ekki verið neitt lagfært, áður en þau tóku við veitingastofunni. Hún sagði, að eftir að þau tóku við veitingastofunni, hafi Ásgeir Einarsson haft herbergi með dóti í, sem átt hafi að fylgja í leigunni, og hafi hann átt að rýma herbergið. Hafi hann gert það fyrir júlín 1960.

Hún sagði, að þegar hún fór að skoða veitingastofuna, en það hafi líklega verið í kringum 10. nóvember 1960, hafi hún spurt Sigríði, hvort nokkurn tíma hefði verið fundið að veitingastofunni af embætti borgarlæknis. Hafi Sigríður þá sagt, að aldrei

hefði verið um árekstra að ræða við embættið. Það sama hafi Björn Pétursson haft eftir Sigríði, áður en þau tóku stofuna á leigu.

Hún kveðst hafa sent bréfið á dskj. nr. 6 ásamt Jóni Bjarnasyni. Hún kvaðst ekki geta sagt um, hver hefði samið bréfið, en Jón Bjarnason hefði komið með það til hennar. Hafi þau áður verið búin að koma sér saman um þá punkta, sem í bréfinu eru. Hún tók fram, að eldhús og veitingasalur hafi verið hrein. nóvember og þar til viðgerð fór fram, en samkvæmt viðtali við Þórhall Halldórsson hafi ekki mátt hafa matargerð þar, fyrr en lagfæringar hefðu farið fram. Fyrir henni var lesið úr dskj. nr. 7, þ. e. bréfi gagnstefnanda, sem áður er í vitnað, og hún að því spurð, hvort veitingastofunni hafi verið lokað fyrsta daginn, þar sem Jón og hún hefðu ekki haft leyfi til veitingahússrekstrar. Svaraði hún þessu neitandi. Hún kvaðst ekki hafa séð vottorð frá Ofnasmiðjunni um, að vaskar hefðu verið pantaðir, og sagði, að hefði smurbrauðsstofan verið máluð, þá hefði hún ekki getað séð það. Hún hafi orðið að taka hana alla í gegn og hreinsa hana. Hún tók fram, að eldhús og veitingasalur hafi verið hrein. Salurinn hafi þó ekki verið málaður nýlega. Hún kvaðst hafa haft samband við Þórhall Halldórsson eftir lokunina 15. nóvember 1960. Hafi hann bent sér á að sækja um veitingaleyfi og jafnframt á að starfrækja veitingastofuna á leyfi Ásgeirs Einarssonar. Hún sagði, að vegna viðgerðarinnar hafi orðið hlé á starfrækslu veitingastofunnar hátt upp í tvo mánuði. Hún sagði Sigríði Magnúsdóttur hafa sagt, að þau, leigutakar, ættu að snúa sér til Björns Péturssonar, ef eitthvað væri að, en þau hafi vitað, áður en þau tóku veitingastofuna á leigu, að Sigríður væri að fara erlendis.

Dómsskjal nr. 25 var lesið fyrir henni, þ. e. samkomulag það, sem hún og Jón Bjarnason annars vegar og Björn Pétursson fyrir hönd Sigríðar Magnúsdóttur hins vegar gerðu og áður er rakið. Sagði hún í því sambandi, að hún viti ekki, hvort þau fengu afhenta þá þegar þá víxla, sem um sé rætt. Jón Bjarnason hafi haft með peningamálin að gera. Hún kvaðst ekki vita, hvort Björn Pétursson náði sambandi við Sigríði Magnúsdóttur. Hún tók það fram, að engar endurbætur hefðu verið gerðar nema eftir fyrirsögn og eftirliti Þórhalls Halldórssonar, fulltrúa borgarlæknis. Hún sagði, að samningur um lækkun leigunnar hafi verið vegna truflunar á rekstrinum. Hún sagði, að í maímánuði 1961 hefði hún veikt og þá eftirlátið Jóni Bjarnasyni sinn hlut leigumálans.

Hann muni svo hafa framleigt veitingastofuna, en hún hafi aldrei séð þann mann, sem tók veitingastofuna á leigu, svo að hún viti til.

Við munnlegan flutning málsins byggði lögmaður aðalstefnanda á því, að umbjóðandi hans hefði verið umboðsmaður gagnstefnanda og sem slíkur orðið að grípa til ráðstafana, þegar það lá fyrir, að heilbrigðiseftirlitið mundi loka veitingastofunni. Hann vitnaði til dskj. nr. 39—41 og framburðar Þórhalls Halldórssonar um, að lokun hafi verið yfirvofandi. Hann taldi, að framkomnar lagfæringar hefðu verið gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið, og vitnaði í því sambandi til framburða Þórhalls Halldórssonar, Þórólfs Jónssonar og Þórlaugar Gunnlaugsdóttur. Hann taldi, að þar kæmi fram, að þær hefðu ekki farið fram úr því, sem þurft hefði. Hann benti jafnframt á, að það væri viðurkennt, að vaskarnir hefðu verið pantaðir og þeir átt að greiðast. Hann taldi ástæðu þess, að umbjóðandi hans varð að ráðast í framkvæmdirnar, vera þá, að hann hafi ekki heyrt frá Sigríði fyrr en þann 28. febrúar og ekki haft heimilisfang hennar í Bandaríkjunum. Hann mótmælti því, að umbjóðandi hans hefði fengið bréf fyrr. Hann taldi, að tjónið hefði orðið meira, ef umbjóðandi hans hefði beðið þar til 22. febrúar 1961. Hann taldi samkomulagið á dskj. nr. 25, sem áður hefur verið vitnað til, aldrei hafa tekið gildi formlega. Ef leigusali samþykkti það ekki, félli það niður, sbr. fyrirvara síðast í því samkomulagi.

Af hálfu gagnstefnanda hefur verið á því byggt, að viðgerðin, sem fram fór á veitingastaðnum, hafi verið óþörf og röng, og svo hafi aðalstefnanda verið innan handar að hafa samband við fyrirsvarsmann gagnstefnanda og bera þetta undir hann. Því var haldið fram, að viðgerðin hafi verið uppfinning leigutaka, og bent á það, að Þórhallur Halldórsson hafi viðurkennt, að ýmis skilyrði voru sett að auki, þar sem nýir aðiljar höfðu tekið við rekstri veitingastofunnar. Þá var því mótmælt, að aðalstefnandi hefði ekki haft heimilisfang Sigríðar. Þá var því haldið fram, að það hefðu verið leigutakar sjálfir, sem hefðu lokað aftur, og um yfirsjón hafi verið að ræða. Í því sambandi var vísað til vottorða Ofnasmiðjunnar og Ágústs Pedersens um endurbætur á veitingastaðnum. Vísað var til bréfs á dskj. nr. 7 um, að aðalstefnandi hafi vitað um dvalarstað Sigríðar í Bandaríkjunum. Þá var uppgjörinu, sem stafar frá aðalstefnanda, mótmælt sem röngu og því haldið fram, að aldrei hefði verið leitað eftir samþykki á samkomulaginu á dskj. nr. 25 og það hafi aldrei verið borið undir

gagnstefnanda. Viðgerðin hefði farið fram úr því, sem hæfilegt megi teljast, þar sem heilbrigðiseftirlitið hefði aldrei gert kröfur til þess, að brotinn væri niður heill veggur, eins og gert hafi verið. Jafnframt var vitnað til þess, að á dskj. nr. 35 sé gerður reikningur fyrir stormjárn, en það sé dæmi um viðhald, sem leigutakar hafi átt að greiða, en ekki leigusali. Þá var því haldið fram, að ekki hafi verið minnsta þörf á því að gefa upp kr. 20.000.00 nema í samráði við Sigríði.

Þegar aðalstefndi seldi umrædda veitingastofu á leigu hinn 12. nóvember 1960, uppfyllti hún hvergi nærri þau skilyrði, sem heilbrigðisyfirvöld höfðu sett fyrir því, að rekstri hennar mætti halda áfram. Var leigutökum ekki gerð grein fyrir, hvernig ástatt var að þessu leyti. Af þessum sökum var um að tefla skýlausa vanefnd af hálfu aðalstefnda á leigusamningnum, enda höfðu leigutakar uppi kröfur af því tilefni í bréfi hinn 15. desember 1960. Fyrirsvarsmaður aðalstefnda, Sigríður Magnúsdóttir, var þá farinn af landi brott, og er ósannað, að aðalstefnanda hafi verið kunnugt um dvalarstað hennar. Er heldur ekki upplýst, að hún hafi falið neinum aðilja fyrirsvar í málefnum sínum og aðalstefnda hér á landi öðrum en aðalstefnanda, sem hún fól að innheimta leigugjald eftir veitingastofuna og vissar ráðstafanir aðrar.

Samkvæmt lögskiptum aðalstefnanda og aðalstefnda og með hliðsjón af atvikum að öðru leyti var aðalstefnanda rétt að leita úrræða í því skyni að hindra það, að komið yrði fram ábyrgð á hendur aðalstefnda vegna ofangreindra vanefnda, eftir atvikum með málssókn. Eins og fram er komið, lét aðalstefnandi gera ýmsar breytingar á veitingastofunni og samdi við leigutaka um tímabundna eftirgjöf á leigugjaldi, en með fyrirvara um samþykki af hálfu aðalstefnda. Afhenti aðalstefnandi leigutökum og víxla, er þeir höfðu samþykkt og mun að rekja til leigusamningsins. Verður ekki fallizt á, að þar hafi aðalstefnandi rekið erindi aðalstefnda með þeim hætti, að varða eigi hann fjárhagslegri ábyrgð á þessum ráðstöfunum gagnvart aðalstefnda. Að því er til eftirgjafar á leigugjaldinu tekur, er þess og að gæta, að aðalstefndi var óbundinn af því samkomulagi, ef hann vildi ekki á þá fallast, og að ekki er heldur sannað, að afhending víxlanna hafi út af fyrir sig valdið aðalstefnda tjóni.

Af framangreindum sökum ber að taka til greina kröfur aðalstefnanda í aðalsök með þeirri fjárhæð, sem krafizt hefur verið, kr. 38.617.66. Þykir rétt að dæma aðalstefnanda vexti af þeirri fjárhæð frá dagsetningu skilagreinar hans, 7% ársvexti frá 7.

apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags. Af sömu ástæðum ber að sýkna aðalstefnanda af öllum kröfum aðalstefnda í gagnsök.

Dæma ber aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.000.00.

Samkvæmt ofangreindum málsúrslitum ber að staðfesta löghald það, sem aðalstefnandi lét gera hinn 17. maí 1963 í íbúð aðalstefnda að Laugavegi 81 í Reykjavík.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gauki Jörundssyni prófessor og Jónasi Sólmundssyni húsgagnasmíðameistara.

Það skal tekið fram, að forseti dómsins fékk mál þetta fyrst til meðferðar á haustdögum 1968.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Central h/f, greiði í aðalsök aðalstefnanda, Birni Péturssyni, kr. 38.617.66 með 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök á aðalstefnandi að vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnda.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 9.000.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Framangreint löghald er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.